



ÞELAMERKURSKÓLI

## Skólaráð Þelamerkurskóla 12. maí 2020

Mættir: Jóhanna og Andrea fulltrúar foreldra, Jónsteinn og Sóley fulltrúar nemenda, Oddur Bjarni fulltrúi nærsamfélags, Sigga Hrefna, Gréta og Anna Rós fulltrúar starfsfólks, Ragnheiður Lilja skólastjóri.

Dagskrá:

1. Skólastarf á COVID tímum, áskoranir og lærdómur. Stutt yfirferð skólastjóra um hvernig skólastarfið gekk fyrir sig þær vikur sem takmarkanir vegna samkomubanns voru til staðar. Fulltrúar foreldra lýsa yfir ánægju sinni með skipulag skólastarfsins og upplýsingaflæði í tengslum við aðstæður vegna COVID.
2. Endurskoðun skólastefnu Hörgársveitar. Fræðslunefnd og skólastjórnendur Hörgársveitar hafa í vetur unnið að endurskoðun skólastefnu sveitarfélagsins. Stefnuna sem hefur verið í gildi sl. 3 ár er að finna hér <https://www.horgarsveit.is/static/files/thjonusta/menntun-og-fraedsla/skolastefna-lokautgafa.pdf> Drög að endurskoðaðri stefnu eru að finna hér <https://docs.google.com/document/d/1HV6B9bJKyBD7pekO307PaMpFO0k5gtG2U5We3AjcVqU/edit?usp=sharing>

Drög að endurskoðaðri skólastefnu Hörgársveitar eru samþykkt af hálfu skólaráðs.

3. Skipulag skólastarfs 2020-2021.

Skólastjóri lagði fram drög að skóladagatali 2020-2021 og voru þau samþykkt af hálfu skólaráðs, með fyrirvara um smávægilegar lagfæringar sem lúta að því að merkja inn á dagatalið frídaga nemenda í dymbilviku.

Skólastjóri kallaði eftir umræðu um stærð og skipulag námshópa út frá þeirri reynslu sem skapast hefur í skólanum frá 16. mars og til dagsins í dag, en vegna COVID takmarkana þurfti að minnka námshópa og hafa tvo árganga saman í námshóp í stað 3ja árganga (5.-7. bekkur og 8.-10. bekkur). Ávinningur teymisvinna kennara hefur verið lagt fram sem helstu rök þess að setja saman fleiri árganga í námshóp. Hins vegar finna nemendur, kennarar og foreldrar fyrir því að nemendum virðist líða betur, ná meiri árangri og ná aukinni samheldni í hópinn þegar hann byggir í grunninn á tveimur árgöngum. Skólaráð í heild sinni lýsir yfir vilja til að stefna á 2ja árganga námshópa frá hausti 2020 á þeim forsendum að reynt verði til hlítar að hafa kennarateymi utanum hvern hóp fyrir sig.



ÞELAMERKURSKÓLI

4. Önnur mál

- a. Vegna COVID takmarkana á samkomuhaldi fullorðinna leggur skólinn til að skólaslit vorið 2020 verði tvískipt í stað einnar formlegrar athafnar fyrir alla nemendur. Tvískipt skólaslit yrði þannig að nemendur 1.-6. bekkjar eru kvaddir með vitnisburði og sumarkveðju á vorhátíð skólans fyrir hádegi þann 4. Júní en skólaslit fyrir nemendur í 7.-10. bekk verða í Hlíðarbæ kl 16. Með þessu móti verða færri fullorðnir á formlegum slitum í Hlíðarbæ og þannig gefst færi á að hafa hæfilegt bil milli fólks.
- b. Skólastjóri þakkar fulltrúum samstarfið í skólaráði þetta skólaárið.

Fundi slitið kl 11.05

Fundarritari: Ragnheiður Lilja